

STUÐNINGSÚRRÆÐI BARNAVERNDAR

Stuðningur við fjölskyldur

Að vera foreldri er eitt mikilvægasta og mest krefjandi verkefni fullorðinsáranna. Markmið góðs uppeldis er að barnið verði heilbrigt, vel aðlagð, hamingjusamt og hafi til að bera eiginleika og færni sem kemur því til góða í framtíðinni. Nauðsynleg uppeldisfærni er hins vegar hvorki meðfædd né sjálfgefin og eðlilegt er að það taki tíma og fyrirhöfn að tileinka sér þá þekkingu, kunnáttu og hæfni sem til þarf. Börn hafa ólíkar þarfir og einnig foreldrar.

Barnavernd Sandgerðisbæjar, Sv. Garðs og Sv. Voga hefur því ýmis stuðningsúrræði til reiðu þegar þörf er á aðstoð fyrir börn og/eða foreldra.



Meðferð barnaverndarmála

Þegar mál eru til vinnslu er fyrst unnið að könnun máls. Leiði könnun í ljós að þörf sé á stuðningsaðgerðum er unnið að áætlun um meðferð máls með foreldrum og barni. Í áætlun kemur fram hvaða úrræði foreldrar, börn og málastjórar telja nauðsynleg barninu og fjölskyldunni.

Markmið barnaverndar

Markmið barnaverndar eru ávallt að veita börnum og fjölskyldum nauðsynlegan stuðning og ráðgjöf til þess að tryggja það að börn og ungmenni búi við viðunandi uppeldisskilyrði.

Úrræði á vegum sveitarfélaga

- Tilsjón
- PMTO meðferð
- Stuðningsfjölskylda
- Vinasetur
- Persónulegur ráðgjafi



Tilsjón

Tilsjón er stuðningsúrræði sem fram fer inn á heimilum fjölskyldna. Megin markmið eru að styðja og styrkja foreldra í hlutverki sínu sem uppalendur og stuðla að bættri líðan fjölskyldumeðlima og fjölskyldunnar sem heild.

Hlutverk tilsjónaraðila

Hlutverk tilsjónaraðila er m.a. að leiðbeina foreldrum varðandi uppeldisaðferðir, markasetningu, örvun og umönnun. Tilsjónarmaður leitar leiða til að virkja styrkleika fjölskyldumeðlima og aðstoðar við markmiðasetningu. Tilsjónarmaður leiðbeinir fjölskyldunni um verkaskiptingu innan fjölskyldunnar og skipulag heimilishalds og rekstrar.

Hlutverk tilsjónarmanns er ekki að sjá um barnapössun eða vinna heimilisstörf nema í leiðbeiningar- og kennsluskyni og þá með fjölskyldumeðlimum

Árangur af starfinu veltur alfarið á þátttöku, samstarfsvilja og samvinnu allra.

PMTO meðferð

PMTO meðferð er úrræði fyrir foreldra barna með töluverð hegðunarfrávik og foreldra sem vilja efla sig í foreldrahlutverkinu. Lögð er áhersla á ítarlega vinnu með foreldrum og gert ráð fyrir sveigjanleika til að mæta þörfum fjölskyldunnar.

Um er að ræða einstaklingsbundna þjónustu sem felst m.a. í allt að 20 viðtölum hjá PMTO meðferðaraðila.

Unnið er með ákveðna grunnþætti til að stuðla að jákvæðri hegðun barnsins og draga úr hegðunarvanda.

Sjá nánar: <http://www.pmtto.is>



Fróðleikur

Foreldrar eru mikilvægustu kennarar barna sinna



Góð foreldrafærni einkennist m.a. af markvissri hvatningu, ögun, góðu eftirliti, jákvæðum samskiptum og samveru foreldra og barna



Samstarfsvilja barna má auka með skýrum fyrirmælum



Hvatning er góðvinur sjálfstraustsins



Stöðva þarf óæskilega hegðun eða draga úr henni með því að setja mörk með mildum og sanngjörnum afleiðingum

Stuðningsfjölskylda

Hlutverk stuðningsfjölskyldu er fyrst og fremst að taka á móti barni, eða barni og foreldrum, á einkaheimili í því skyni m.a. að tryggja öryggi barnsins, léttu álagi af barni og fjölskyldu þess og að leiðbeina foreldrum og styðja þá í uppeldishlutverkinu.

Dvöl hjá stuðningsfjölskyldu fer eftir þörfum barns og fjölskyldu. Algengt er að um helgarvistun sé að ræða, eina til tvær helgar í mánuði.

Vinasetur

Heimili fyrir börn sem þurfa á stuðningsfjölskyldum að halda. Á heimilinu vinnur fagfólk sem sér um að fylgjast náið með líðan barnsins og vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Hugmyndafræði starfseminnar er sú að líkja hvað mest eftir venjulegu heimili.

Heimilið er staðsett á Ásbrú í Reykjanesbæ og er ætlað börnum 6-15 ára. Um er að ræða helgardvalir. Sjá nánar á [vinasetrid.is](#)

Persónulegur ráðgjafi

Persónulegum ráðgjafa er fyrst og fremst ætlað að veita barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega og tilfinningalega svo sem í sambandi við tólmstundir, menntun og vinnu. Samband persónulegs ráðgjafa og barns eða ungmennis byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemd.

Gert er ráð fyrir um 12 tímum á mánuði. Lagt er upp með að stuðningurinn sé reglulegur og fari eftir þörfum hvers barns.

Tilvísun í úrræði

Úrræðin sem fram koma í bæklingi þessum eru á vegum barnaverndar og eru einungis sett í framkvæmd komi þau fram í áætlun um meðferð máls skv. 23.gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Málastjóri barnaverndarmáls sendir tilvísun til verkefnastjóra fjölskylduverndar. Hugsanlegt er að biðlisti sé vegna úrræða.

Starfsmenn

Foreldrar og forráðamenn hafa kost á að óska eftir sérstökum aðilum til þess að sinna hlutverki persónulegs ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu.

Verkefnastjóri fjölskylduverndar sinnir úttekt á aðilum sem sinna verkefnum á vegum Fjölskyldu- og velferðarnefndar. Allir starfsmenn undirgangast leit í Sakaskrá Ríkisins. Starfsmenn eru bundnir trúnaði en láta jafnframt málastjóra í té mikilvægar upplýsingar um stöðu barns og fjölskyldu

Úrræði þessi eru stöðvuð sé tekin ákvörðun um lokun barnaverndarmáls. PMTO stuðningur er í boði óháð barnaverndarvinnslu.

Verkefnastjóri fjölskylduverndar er Thelma Björk Guðbjörnsdóttir, félagsráðgjafi

Frekari upplýsingar

Hafðu samband ef þú vilt frekari upplýsingar um úrræði sem í boði eru fyrir fjölskyldur á vegum Félagsþjónustu Sandgerðisbæjar, Sv. Garðs og Sv. Voga

Thelma Björk Guðbjörnsdóttir
Félagsráðgjafi MA,
Verkefnastjóri
fjölskylduverndar,
Tilsjónaraðili
PMTO meðferðaraðili
Svæðisstjóri PMTO

Sími: 420-7500
thelma@sandgerdi.is



FÉLAGSÞJÓNUSTA

SANDGERÐISBÆJAR, SV. GARÐS OG SV. VOGA